

Fimmtudaginn 15. nóvember 1973.

Nr. 135/1973: **Félag menntaskólakennara**

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:

hæstaréttardómurarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. apríl 1973, sem barst Hæstarétti 28. september 1973, hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 3. apríl 1973, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Kærufræstur samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 er vika frá uppsögu dóms eða úrskurðar, og hafa yngri lög eigi haggð því ákvæði. Í 64. gr., 3. málsgr., laganna er boðið, að tilkynna skuli málflytjendum, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði kveðinn upp. Samkvæmt gögnum máls sótti enginn þing af hálfu sóknaraðilja, er hinn kærði frávísunardómur var kveðinn upp, og mun málflytningismanni hans eigi hafa verið tilkynnt um dómþingið. Þegar svo hagar til, þykir bera að beita meginreglu 22. gr. laga nr. 57/1962, nú 22. gr. laga nr. 75/1973, um upphaf kærufræsts samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 og miða við það, er aðilja eða fyrirsvarsmanni hans varð kunnugt um dóm eða úrskurð. Miða verður við það, að sóknaraðili hafi eigi öðlzt vitneskju um uppsögu framangreinds dóms fyrr en hinn 9. apríl 1973, og er kæran því fram komin innan réttis kærufræsts.

Skýra verður kæru þessa svo, að sóknaraðili krefjist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að fella efnisdóm í málinu.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða dóms, en til vara, að dæmt verði í samræmi við atkvæði minni hluta Félagsdóms.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða dómi.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, er í gildi voru á þeim tíma, sem hér skiptir máli, skyldi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja reka „mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hluta eiga“, sbr. nú 3. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1973. Eigi er fram komið, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi neitað að höfða mál þetta og reka fyrir Félagsdómi vegna sóknaraðilja eða félagsmanna hans, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur Félagsdóms 3. apríl 1973.

Dómendur:

Guðmundur Jónsson,

Bjarni Sigurðsson,

Egill Sigurgeirsson,

Emil Ágústsson og

Ragnar Jónsson.

Mál þetta hefur Félag menntaskólakennara höfðað á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni hinn 8. nóvember 1972. Í stefnu eru þessar dómkröfuv gerðar:

1. Að Félag menntaskólakennara sé réttur viðsemjandi og samningsaðili fyrir hönd menntaskólakennara til að semja við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs um laun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda.
2. Að bókun sú, sem B. S. R. B. og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerðu hinn 1. júlí 1971 um laun kennara fyrir vinnu við úrvinnslu verkefna nemenda, hafi brotið í bága við laga-
legan rétt og samning Félags menntaskólakennara og sé því ógild að lögum.
3. Að fjármálaráðherra sé skylt að lögum að gera samning við Félag menntaskólakennara um laun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna.
4. Að samningur um laun fyrir nefnda heimavinnu menntaskólakennara skuli gilda með afturvirkum áhrifum frá þeim tíma,

er síðasti samningur um laun fyrir nefnda heimavinnu gekk úr gildi.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Við munnlegan flutning málsins var breyting gerð á dómkröf-um stefnanda þannig, að 3. tl. var orðaður svo: „Að fjármálaráðherra sé skylt að lögum að gera nýjan samning við Félag menntaskólakennara um laun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna.“ Og í stað 4. kröfuliðs er nú gerð svohljóðandi varakrafa:

„4. Ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að samningur Félags menntaskólakennara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé úr gildi, þ. e. samningur um umbun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda, þá gerir Félag menntaskólakennara þá kröfu, að fjármálaráðherra sé dæmt skylt að gera hinn nýja samning um umbun þessa með afturvirkum áhrifum frá þeim tíma, er eldri samningur telst hafa fallið úr gildi.“

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Stefndi gerir ekki kröfu um málskostnað.

Í stefnu er málssókn þessari einnig beint að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en eigi var stefna birt á hendur bandalaginu, og undir rekstri málsins hefur verið fallið frá kröfum á hendur því.

Málavextir eru þessir:

Um árabíl fengu fastráðnir menntaskólakennarar, sem höfðu mikla heimavinnu við leiðréttingu (úrvinnslu) skriflegra verkefna nemenda, frádrátt á kennsluskyldu. Mun fyrst hafa verið ákvæði um þetta efni í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík nr. 3/1937, en í 1. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar segir: „Kennarar, sem mikla heimavinnu hafa í skólans þágu, skulu fá 3—5 stunda frádrátt fyrir aukastörf sín“. Í 2. mgr. 51. gr. reglugerðar fyrir menntaskóla nr. 175/1951 var svofellt ákvæði: „Fækka má skyldustundum fastra kennara, sem hafa mikla heimavinnu vegna skriflegra úrlausna nemenda og aukastörf, sem skólastjórn hefur falið þeim (sbr. 52. gr.). Fækkun þessi getur numið allt að 5 stundum á viku.“ Eigi er fram komið, að breyting hafi orðið á þessu fyrirkomuagi við setningu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hinn 22. júlí 1964 gerðu aðiljar málsins með sér samning um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í menntaskólum. Segir svo í upphafi samnings-

ins: „Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Félag menntaskólakennara gera með sér svofelldan samning skv. 6. gr. 1. nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna“. Eru síðan í samningnum allitarleg ákvæði um skipun námsgreina í flokka, tímastundafjölda, en greiða skyldi heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna fyrir hvern nemanda og fjölda skriflegra æfinga í viku. Eru námsgreinarnar þessar: íslenzka, danska, enska, franska, latína, þýzka, efnafræði, eðlisfræði, stærðfræði og bókfærsla, en einnig er gert ráð fyrir því, að verkleg kennsla í náttúrufræði kunni að verða tekin upp, og komi þá einnig til greisla fyrir heimavinnu við hana. Í 8. gr. samningsins er svofellt ákvæði: „Ákvæði samnings þessa skulu gilda frá 1. október 1963 til 31. desember 1965. Aðilar geta hvor um sig sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.“ Það er ágreiningslaust, að ekki hafi komið til uppsagnar samningsins fyrir 31. desember 1965 og að eftir þann tíma hafi aðiljarnir haldið áfram að fara eftir ákvæðum hans. Á árinu 1970 sagði sóknaraðili samningnum upp, en ágreiningslaust er, að þeirri uppsögn hafi ekki verið fylgt eftir og að menntaskólakennurum hafi verið greidd þóknun samkvæmt samningnum skólaárið 1970—71. Að undangengnum samningaviðræðum undirrituðu Kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hinn 19. desember 1970 samning um föst laun opinberra starfsmanna, vinnutíma, yfirvinnukaup, röðun í launaflokka o. fl. samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Er gildistími samnings þessa frá og með 1. júlí 1970 til 31. desember 1973. Með bréfi, dags. hinn 15. júní 1971, tilkynnti fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs stefnanda uppsögn á samningi aðiljanna um greiðslur fyrir heima-vinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í menntaskólum frá 22. júlí 1964. Með bréfi stefnda til stefnanda, dags. hinn 2. júlí 1971, var vakin athygli á bókun, sem gerð hafði verið af samningsaðiljum í tengslum við kjarasamning Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra, en með hliðsjón af henni hafði stefndi sagt upp öllum greiðslum fyrir úrvinnslu verkefna nemenda. Bókun þessi er svohljóðandi: „Aðilar eru um það sammála, að við mat á störfum kennara hafi tillit verið tekið til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda og teljist slík vinna unnin á þeim tíma, sem kennara er ætlaður til undirbúnings kennslu.“ Í bréfi stefnanda til stefnda hinn 7. júlí s. á. er skýrt frá því, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi ekki áður séð bókun þessa og þeir hafi ekki verið að því spurðir, hvort

stefnandi féllist á svo róttæka breytingu á vinnuskyldu kennara. Var því jafnframt lýst yfir, að menntaskólakennarar teldu sig ekki bundna af þessum þætti samnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stefnda. Var í bréfinu skorað á stefnda að taka upp samninga við stefnanda um málið. Það kemur fram í bréfum Kjararáðs frá 12. og 28. september 1971 til stefnda og kennarasamtaka, að það leggi þann skilning í umrædda bókun, að almennt séð hafi við mat á störfum kennara verið tekið tillit til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda. Hins vegar séu störf við úrvinnslu heimaverkefna mjög mismunandi eftir námsgreinum. Kemur og fram í bréfum þessum, að um sér-samninga kennarasamtakanna um greiðslur fyrir heimavinnu hafi aldrei verið sérstaklega fjallað í samningaviðræðunum og hafi þeir samningar heldur ekki legið fyrir Kjararáði. Kveður Kjararáð það ekki á sínu valdi að fella niður gildandi sérsamninga og telur því ekki hafa verið samið um niðurfellingu slíkra samninga kennara, er í gildi voru, þegar heildarkjarasamningur opinberra starfsmanna var undirritaður 19. desember 1970. Stefndi höfðaði mál fyrir Kjaranefnd á hendur Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og gerði þá kröfu, að vinna, sem kennarar leysa af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda, teljist hluti af því starfi, sem þeir taka föst mánaðarlaun fyrir að gegna, og beri kennurum því ekki sérstök greiðsla fyrir úrvinnslu verkefna nemenda. Úrslit málsins fyrir Kjaranefnd urðu þau, að með úrskurði hinn 24. október f. á. var málinu vísað frá nefndinni. Undir rekstri málsins er fram komið, að stefndi innir nú af hendi greiðslur til kennara, sem eru byggðar á helmingi grunnfjárhæða þeirra, sem ákveðnar eru í samningi aðiljanna frá 22. júlí 1964.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að það sé meginregla í íslenskum rétti, að kennarar eigi rétt á sérstökum launum fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda og hafi regla þessi hlotið staðfestingu, bæði í lagaákvæðum og reglugerðum, og sé forsenda 6. gr. laga nr. 55/1962. Meginreglu þessari verði ekki breytt gegn vilja þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta, svo sem Félags menntaskólakennara, nema með lögum settum á Alþingi á stjórnskipulagðan hátt. Á framangreindum grundvelli hafi verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og einstakra félaga kennara, þ. á m. Félags menntaskólakennara. Þótt samningur þessi hafi átt að falla niður við árslok 1965, hafi hann þó í framkvæmd haldið gildi, með því að aðiljar hafi farið eftir ákvæðum hans um greiðslu. Uppsögn Félags

menntaskólakennara á greindum samningi hafi verið gerð til að knýja fram endurskoðun í samræmi við ákvæði samningsins um, að samninginn skyldi endurskoða, þegar þurfa þætti og breyttir kennsluhættir hefðu raskað heimavinnuhlutfalli kennslugreina. Vegna ókunnugleika um sérstaka málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 55/1962 muni ekki hafa verið gætt ákvæða 10. gr. laganna og þrátt fyrir loforð um endurskoðun samningsins hafi fjármálaráðuneytið ekkert gert af sinni hálfu til að leiðrétta hugsanlegan misskilning. Er því haldið fram, að fjármálaráðuneytið hafi ekki getað samið um brottfall launa fyrir heimavinnu kennara við gerð heildarsamninga 1970, þar sem það hafi að eigin álitum enn verið bundið af sérsamningi sínum við Félag menntaskólakennara svo og af áðurgreindri meginreglu. Þá er því haldið fram, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi með lögum nr. 55/1962 fengið stöðu stjórnvalds, þar sem því hafi verið veittur réttur til að semja um laun starfsmanna hins opinbera gegn vilja þeirra, og jafnvel þótt bandalagsfélög hafi sagt skilið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Um athafnir fyrirsvarsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gildi því meginreglur stjórn-sýsluréttar við samninga um slík mál. Hvorki Bandalag ríkis og bæja né fjármálaráðherra hafi gefið Félagi menntaskólakennara kost á að gæta hagsmuna sinna, þegar bókun var gerð hinn 1. júlí 1971, né ef efni hennar hefur við rök að styðjast, þegar felld voru niður sérstök laun fyrir heimavinnu við heildarsamninga í desember 1970, þó í reynd hafi verið um íþyngjandi stjórn-sýslugerð að ræða. Hvorki hafi Félag menntaskólakennara fengið að kynna sér gögn, sem lögð voru til grundvallar þeim gerningi, né að gera grein fyrir máli sínu, sbr. meginreglu 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, og því hafi bókunin frá 1. júlí 1971 verið ógild. Þá er því haldið fram, að Félag menntaskólakennara sé réttur viðsemjandi og samningsaðili um samninga um laun fyrir heimavinnu kennara við leiðréttingu verkefna, sbr. áðurgreinda meginreglu og 6. gr. laga nr. 55/1962, og verði Félag menntaskólakennara ekki svipt gerhæfi um þau réttindi sín nema með sérstökum lögum, settum á stjórnskipulegan hátt. Því sé fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skylt að semja við Félag menntaskólakennara um greinda heimavinnu, sbr. 6. gr. laga nr. 55/1962. Ef hann vanræki þá lagaskyldu nokkurn tíma, en fullnægi henni síðar, hljóti samningar gerðir samkvæmt henni að hafa gildi aftur í tímann, frá því er skylda til að gera nýjan samning vaknaði. Þá er því að lokum haldið fram, að samkvæmt eðli máls sé ekki unnt að

semja um laun fyrir greinda heimavinnu kennara með heildarsamningum um föst laun, þar sem heimavinna leggist svo misþungt á kennarana eftir greinum, og allra þyngst á kennara í menntaskólum, þar sem verkefnin séu stærst og þyngst. Réttlætissjónarmið séu því til fyrirstöðu, að lögð sé stórlega misþung vinnuskylda á kennara eftir greinum, án þess að þess sjái stað í launum. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að nú sé byggt á því, að samningur aðiljanna frá 22. júlí 1964 sé eigi fallinn niður, enda hafi uppsögn stefnda á honum verið markleysa. Var því jafnframt lýst yfir, að stefnandi hafi hug á að segja samningnum upp.

Kröfuf stefnda eru byggðar á því, að í kjarasamningi fjármálaráðherra og Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 19. desember 1970 hafi verið mörkuð sú heildarstefna að fella sem mest niður hvers konar aukagreiðslur og sporslur, en taka hins vegar tillit til þess við ákvörðun fastra launa og röðun í launaflokka, hvaða skyldur fylgdu störfum manna í raun. Þegar virt sé skipting tíma, sem fara skuli til kennslu og undirbúnings kennslu, sé ekki nema eðlilegt, að samninganefnd ríkisins teldi, að þessi mikli undirbúningstími ætti að nægja kennurum til úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda. Bókun, sem gerð hafi verið á fundi samningsaðilja hinn 23. október 1970, er samningaviðræður stöðu yfir, sýni glögglega, hvert hugur samningsaðilja hafi stefnt í þessu efni. Er bókun þessi svohljóðandi: „Úrvinnsla verkefna nemenda telst unnin í hluta þess tíma, sem verja á til undirbúnings kennslu. Athuga þarf, hvort réttlátt teljist að framkvæma þessa reglu gagnvart íslenzkukennslu.“ Er því haldið fram, að athugun sú, sem ráð sé fyrir gert í bókuninni, hafi farið fram, og hinn 19. desember 1970 hafi fyrirvarinn um íslenzkukennsluna verið felldur niður, en þá hafi verið gerð bókun sú, sem áður hefur verið rakin, en endanlega hafi ekki verið gengið frá bókuninni fyrr enn hinn 1. júlí 1971. Við endanlegan frágang bókunarinnar hafi enginn fyrirvari verið gerður af hálfu Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til takmörkunar gildi hennar eða um sérstaka túlkun, er ekki leiddi beint af orðalagi hennar. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að orðalag bókunarinnar frá 1. júlí 1971 svo og málavextir allir beri það skýrt með sér, að aðiljar kjarasamningsins hafi með henni fellt alla vinnu kennara að leiðréttingum skriflegra verkefna nemenda undir aðalstarf og sé því fullgildið fyrir þá vinnu með föstum mánaðarlaunum þeirra. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að bókunin

sé fullgild að lögum. Hún hafi verið gerð af réttum og til þess bærum aðiljum, þ. e. samninganefnd í umboði fjármálaráðherra, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1962, og Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 55/1962. Þá fjalli bókunin um efni, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. laga nr. 55/1962 skuli taka til, sbr. 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu sé ljóst, að sérsamningar um þóknun fyrir heimavinnu kennara við úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda hafi fallið sjálfkrafa úr gildi við gerð heildarkjarasamnings, en hinar sérstöku uppsagnir samninga þessara af hálfu stefnda hafi verið gerðar til öryggis. Er bent á það af hálfu stefnda, að sérsamningur sá, sem gerður hafi verið við stefnanda, hafi verið gerður með stoð í ákvæði 6. gr. laga nr. 55/1962. Ljóst sé, að óheimilt sé að gera sérsamning um þóknun fyrir heimavinnu kennara að úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda, vegna þess að í gildandi heildarkjarasamningi hafi verið ákveðið, að þessi vinna teldist til aðalstarfs og fyrir hana goldið með föstum launum. Það kemur fram af hálfu stefnda, að ef bókunin frá 1. júlí 1971 teljist gild að lögum, hljóti það að leiða til þess, að stefndi verði einnig sýknaður af kröfufliðum 1 og 3 í kröfugerð stefnanda svo og af 4. kröfuflið, en því er mótmælt, að dómurinn geti ákveðið, að samningur, sem ekki hefur verið gerður, skuli gilda með afturvirkum áhrifum og það frá tímamarki, sem gæti verið óljóst. Er bent á það af hálfu stefnda, að verði umrædd bókun talin ógild að lögum, geti hæglega risið ágreiningur milli aðilja um það, hvernær samningurinn gekk úr gildi.

Eigi er ágreiningur um það með aðiljum, að menntaskólakennarar séu opinberir starfsmenn.

Samkvæmt 3. gr. laga um kjarsamninga opinberra starfsmanna nr. 55 frá 1962 fer Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (B. S. R. B.) með fyrirvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna samkvæmt lögum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. ofangreindra laga dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli aðilja út af brotum á lögum og ágreiningi á kjarasamningi og gildi hans. Nefnir þá B. S. R. B. dómara í Félagsdóm í stað Alþýðusambands Íslands. B. S. R. B. rekur og mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga. Þessu skilyrði er eigi fullnægt.

Þá er á það að líta, að svo kann að fara samkvæmt nefndum lögum, að kjaradeila fari til meðferðar Kjaradóms, er kveði upp endanlegan dóm um ágreiningsefnið, og kjaradeila samkvæmt lög-

unum sé því leyst án beins samnings aðilja. Þykir stefnandi ekki geta krafizt þess að fá staðfest með dómi, að stefnda sé skylt að gera nýjan samning við stefnanda, svo sem gert er í 3. lið kröfugerðar hans, enda verður að líta svo á samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna, að þetta gildi bæði um efni, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. tekur til, og efni, sem kjarasamningur samkvæmt 6. gr. tekur til. Á þetta einnig við um gerða varakröfu stefnanda.

Af framangreindu er ljóst, að málatilbúnaður og kröfugerð stefnanda er með þeim hætti, að sjálfkrafa ber að vísa málinu í heild frá dómi.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafizt í málinu af stefnda, og verður hann því eigi dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu í heild er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Sératkvæði Guðmundar Jónssonar.

Með vísan til forsendna meiri hluta dómenda um 3. kröfulið stefnanda og varakröfu hans tel ég, að þeim kröfum beri að vísa sjálfkrafa frá dómi.

Dómsorð:

Lið 3 í kröfugerð stefnanda svo og varakröfu er sjálfkrafa vísað frá dómi.
